

Nr. 115 / 09 Tómas Þorvaldsson GK 10***Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 1006
Smíðaður: Noregi 1966, stál
Stærð: 334 brl. 504 bt.
Mesta lengd: 47,74 m Skráð lengd: 44,74 m
Breidd: 8,2 m Dýpt: 6 m
Vél: Caterpillar 728 kW, 2001
Fjöldi skipverja: 14



Tómas Þorvaldsson©Alfons Finnsson

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 4. desember 2009 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 14. september 2009 var Tómas Þorvaldsson GK 10 á línuveiðum út af SA ströndinni. Veður: SV 8-13 m/s, ölduhæð 3-4 m.

Skipverji sem var að vinna við frágang á fiski í lest rann til þegar hann var að fara niður úr fiskikari í annarri hæð og steig á brún neðra karsins. Við fallið rakst hann með andlitið utan í efra karið með þeim afleiðingum að hann slasaðist á góm. Hann varð ekki óvinnufær.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.